

Reykjavík
29.júní 2022

Efni: Reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum

Varðandi drög að nýrri reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem er nú aðgengileg í samráðsgátt óskar Félag Tamningamanna eftir ákveðinni viðbót í fyrirhugaða reglugerð.

Bætt verði við 5.gr virkt innra eftirlit þannig að fram komi eftirfarandi viðbætur:

„Blóðmerar og afkvæmi þeirra skulu vera skráð með skýrum hætti í ættbók íslenska hestsins, Worldfengur www.worldfengur.com.

Þannig að þar komi skýrt fram að hryssurnar séu nýttar til blóðtöku og séu blóðmerar og afkvæmi þeirra séu úr blóðmerastóði.“

Rökstuðningur vegna mikilvægi þessarar viðbótar:

- 1) Margar hryssur sem nýttar eru til blóðtöku eru oft af einhverjum orsökum ekki hæfar til reiðar né ræktunarstarfs vegna ýmissa galla, s.s. geðslagsgalla, ganglagsgalla eða annarra ókosta til ræktunar t.d. spatts o.fl.
- 2) Faglegt ræktunarstarf íslenska hestsins gengur út á að útrýma óæskilegum göllum og því er mikilvægt að fyrirhugaðir kaupendur geri sér grein fyrir uppruna hrossanna.
- 3) Hryssur sem nýttar eru til blóðtöku eru flestar allar að öllum líkindum ekki búnar að fara í gegnum neitt faglegt viðurkennt kynbótamat, s.s. kynbótadóm RML.

- 4) Þessi rök eru sett fram til að draga úr þeim skaða sem sala á gripum úr blóðmerastóði hefur á markaðsstarf og þar með ímynd íslenska hestsins. Afkvæmi/folöld sem eru sett á veturinn skulu því vera örmerkt sem slík í WF.
- 5) Með skráningunni þá verður gagnsæi ferlisins betra, bæði fyrir ræktendur og kaupendur. Með þessu eflist betri skráning gagna.
- 6) Til marga ára hafa ýmsar upplýsingar verið aðgengilegar í ættbók íslenska hestsins WorldFengi s.s. ef stóðhestar greinast með spatt eða eistnagalla. Hvoru tveggja er gert til að bæta ræktunarstarfið og þar með þá markaðsvöru sem íslenski reiðhesturinn er og við viljum standa fyrir.

Viðbót við 6 gr

“Hver sá sem heldur eða starfar við eða kemur að blóðtöku hryssna skal hafa aflað sér grunnþekkingu á eðli og þörfum hrossa”

Viðbót við 8. gr. k)

“Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi. Hryssurnar skulu ekki settar í aðstæður sem getur ógnað velferð þeirra og valdið streitu hjá þeim og folöldunum. Tryggja þarf að hryssurnar sjái og hafi folöldin sín nærri þegar þær eru í blóðtökubás.”

Virðingarfyllst,

Stjórn Félags Tamningamanna